

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hússjóð Öryrkjabandalags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. febrúar 1966. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Hússjóðs Öryrkjabandalagsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hússjóður Öryrkjabandalagsins og er heimili hans og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Öryrkjabandalaginu, Blindravinafélagi Íslands, Geðverndarfélagi Íslands, Sambandi íslenzkra berkla sjúklinga, Sjálfsbjörg landsambandi fatlaðra, Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélagi vangefinna. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og bera eigendur hans enga ábyrgð á skuldbindingum hans. Önnur öryrkjafélag geta síðar gerzt aðilar að sjóði þessum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00, sem stofnendur hafa lagt fram þannig:

1. Öryrkjabandalagið	kr. 40 000.00
2. Blindravinafélag Íslands	— 10 000.00
3. Geðverndarfélag Íslands	— 10 000.00
4. Samband íslenzkra berkla sjúklinga	— 10 000.00
5. Sjálfsbjörg landsamband fatlaðra	— 10 000.00
6. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	— 10 000.00
7. Styrktarfélag vangefinna	— 10 000.00

Samtals kr. 100 000.00

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, gjafir og áheiti, svo og venjulegar tekjur af fasteignum.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er að eiga og reka íbúðarhús fyrir öryrkja. Tilgangi sínum hyggst sjóðurinn ná bæði með því að kaupa húsnæði í þessum tilgangi, svo og byggja hús. Íbúðarhúsnæði þetta mun sjóðurinn leigja öryrkjum fyrir hæfilegt verð. Aldrei má sjóðurinn leigja íbúðarhúsnæðið öðrum en öryrkjum og öryrkjastofnunum, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 5 menn. Skulu 4 kosnir af stjórn Öryrkjabandalagsins til þriggja ára í senn. Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af félagsmálaráðherra. Stjórnin kys sér formann, ritara og gjaldkera. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra, er veita má venjulegt prókúruumboð.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem áritar þá. Stjórnin skal senda reikningana með áritun endurskoðanda til allra aðildarfélaganna fyrir marzlok ár hvert.

8. gr.

Undirskrift formanns og tveggja meðstjórnenda bindur sjóðinn gagnvart þriðja manni.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema allir stjórnendur samþykki og samþykkt sé af stjórn Öryrkjabandalagsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 1. nóvember 1965.

Öryrkjabandalagið.

Svavar Pálsson. Helgi Tryggvason. Kristinn Björnsson.
Þórður Benediktsson. Sigursveinn D. Kristinsson. Oddur Ólafsson.

Blindravinafélag Íslands.

Helgi Tryggvason. Helgi Eliasson. Þorsteinn Bjarnason.

Geðverndarfélag Íslands.

Kristinn Björnsson. Áslaug Sívertsen. Tómas Helgason.

Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Þórður Benediktsson. Kjartan Guðnason. Oddur Ólafsson.
Júlíus Baldvinsson. Árni Einarsson.

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra.

Theodór A. Jónsson. Ólöf Ríkarðsdóttir. Eiríkur Einarsson.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

Svavar Pálsson. Eggert Brynjólfsson. A. G. Þormar.

Styrktarfélag vangefinna.

Hjálmar Vilhjálmsson. Guðm. St. Gíslason.